

## Reglur

### um úthlutun styrkja og framlaga sem veitt eru á grundvelli stefnumótandi byggðaáætlunar fyrir árin 2018-2024.

#### 1. gr.

##### *Markmið.*

Reglunum þessum er ætla að tryggja að gætt sé jafnræðis, hlutlægni, gagnsæis og samkeppnissjónarmiða við úthlutun og umsýslu styrkja og framlaga úr byggðaáætlun, sbr. þingsályktun um stefnumótandi byggðaáætlun fyrir 2018 til 2024, nr. 24/148, sbr. einnig 42. gr. laga um opinber fjármál, nr. 123/2015, og reglugerð um styrkveitingar ráðherra, nr. 642/2018.

#### 2. gr.

##### *Yfirlit yfir skiptingu fjárheimilda.*

Í kjölfar samþykktar fjárlaga ár hvert gefur ráðherra út yfirlit yfir skiptingu fjárheimilda komandi fjárlagaárs til byggðaáætlunar og annarra byggðatengdra verkefna. Um er að ræða annars vegar skuldbundin (föst) fjárframlög og hins vegar verkefni þar sem auglýst er eftir umsóknum frá styrkhæfum aðilum.

Í yfirlitinu er fjárheimildum skipt með eftirfarandi hætti:

- Styrkir eða framlög til einstakra aðgerða byggðaáætlunar þar sem framkvæmdaraðilar eiga kost á að sækja um styrki eða framlög til ráðuneytisins.
- Framlög til einstakra aðgerða byggðaáætlunar þar sem ekki er um val á ábyrgðaraðila að ræða.
- Framlög tengd alþjóðlegu samstarfi.
- Framlög til annarra byggðatengdra verkefna.

Yfirlitið skal birt á heimasíðu ráðuneytisins og jafnframt kynnt sérstaklega fyrir öðrum ráðuneytum, sveitarfélögum, Sambandi íslenskra sveitarfélaga, landshlutasamtökum sveitarfélaga, einstökum stofnunum sem nefndar eru í stefnumótandi byggðaáætlun og fleiri aðilum eftir atvikum.

Gera skal verksamninga eða verkefnaáætlanir um alla styrki og framlög sem veitt eru á grundvelli fjárheimilda byggðaáætlunar og annarra byggðatengdra verkefna.

#### 3. gr.

##### *Auglýsingar um styrki og framlög.*

Að minnsta kosti einu sinni á ári auglýsir ráðuneytið opinberlega fyrirhugaða styrki eða framlög sem veitt eru með vísan til a-liðar 2. mgr. 2. gr. og kallar eftir umsóknum frá styrkhæfum aðilum. Slíkar auglýsingar skal birta á heimasíðu ráðuneytisins og í fjölmiðlum eða í opinni samráðsgátt ráðuneyta. Í auglýsingum skal meðal annars vísa til úthlutunarreglna og úthlutunarskilmála sem eiga við, sbr. 4. gr.

Í auglýsingu skal gerð grein fyrir markmiðum og áherslum með veitingu umræddra styrkja eða framlaga, þeim styrkfjárhæðum sem í boði eru, hvaða skilyrði umsækjandi þarf að uppfylla til að eiga rétt á styrk eða framlagi, á hvaða formi skuli skila inn umsókn, þeim gögnum sem fylgja skulu umsókn, tímafresti til að skila inn umsókn og áætluðum afgreiðslutíma umsókna.

Tekið skal fram í auglýsingu að umsækjandi um styrk eða framlag skuli lýsa með greinargóðum hætti markmiðum verkefnis sem liggur til grundvallar umsókn, áætlun um framkvæmd þess og tíma- og kostnaðaráætlun, auk þess að veita aðrar upplýsingar sem taldar eru nauðsynlegar. Njóti umsækjandi annarra styrkja eða framlaga vegna verkefnisins skuli hann gera grein fyrir þeim.

Taka skal fram að einungis umsóknir sem uppfylla skilyrði auglýsingar og úthlutunarskilmála verði teknar til greina.

#### 4. gr.

##### *Úthlutunarskilmálar.*

Úthlutunarskilmálar vegna einstakra styrkja og framlaga skv. a-lið 2. mgr. 2. gr. skulu taka mið af þeim skilyrðum, markmiðum og forsendum sem fram koma í byggðaáætlun um viðkomandi verkefni.

Í úthlutunarskilmálum skal kveða á um markmið sem ætlast er til að verkefni þjóni, kröfur um framkvæmd og framvindu verkefnis, sérstök eða almenn skilyrði um ráðstöfun styrks eða framlags, greiðslutílhögun styrks eða framlags, upplýsingaskyldu um árangur verkefnis eða lok þess, eftirlit með ráðstöfun styrksins eða framlagsins og meðferð ágreiningsmála auk úrræða séu skilmálar styrksins eða framlagsins ekki efndir, þar með talið að halda eftir greiðslum og krefjast endurgreiðslu við vanefndir.

## 5. gr.

*Framkvæmd veitingar styrkja og framlaga.*

Byggðastofnun annast umsýslu styrkumsókna og gerð úthlutunarsamninga fyrir hönd ráðuneytisins. Stofnunin annast jafnframt umsýslu vegna greiðslna til styrkþega og hefur eftirlit með framkvæmd samninganna.

Þriggja manna valnefnd, sem ráðherra skipar til eins árs í senn, gerir tillögur til ráðherra um veitingu styrkja og framlaga til verkefna á grundvelli úthlutunarskilmála, fjölda umsókna og vægis þeirra.

Öllum umsóknum um styrki eða framlög skal skilað til Byggðastofnunar fyrir tilgreindan skilafrest, sem leggur þær fyrir valnefnd með umsögn sinni um styrkhæfi. Valnefnd gerir tillögur til ráðherra um úthlutun einstakra styrkja og framlaga.

Að fenginni tillögu valnefndar tekur ráðherra afstöðu til styrkumsókna og kynnir niðurstöður sínar á heimasíðu ráðuneytisins og með skriflegri tilkynningu til allra umsækjenda.

Gerður skal skriflegur samningur um styrk eða framlag á grundvelli úthlutunarskilmála, sbr. 4. gr., þar sem tryggt er fullnægjandi skýrslugjöf um framvindu verkefnisins og reikningsskil.

## 6. gr.

*Hámarksfjárhæð og hámarkstími styrkja og framlaga.*

Styrkir eða framlög skulu aldrei nema hærra hlutfalli en 80% af heildarkostnaði við verkefni. Skulu þá talin með öll framlög til viðkomandi verkefnis af fjárheimildurm byggðaáætlunar og annarra byggðatengdra verkefna, sbr. yfirlit ráðherra skv. 2. mgr. 2. gr. Heimilt er að veita styrk til sama verkefnis í allt að fimm ár.

## 7. gr.

*Greinargerð ráðherra um styrki og framlög.*

Ráðherra gerir grein fyrir fyrirhuguðum útgjöldum vegna styrkja og framlaga í fylgiriti með frumvarpi til fjárlaga, sbr. 19. gr. laga um opinber fjármál, nr. 123/2015, og í árskýrslu sinni skv. 62. gr. sömu laga.

## 8. gr.

*Gildistaka og gildistími.*

Reglur þessar, sem settar eru með vísan til 42. gr. laga um opinber fjármál, nr. 123/2015, og 5. gr. reglugerðar um styrkveitingar ráðherra, nr. 642/2018, taka þegar gildi.